

86. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn í Stofu íslenskra fræða mánudaginn 24. september 2018 kl.

12:50.

Fundinn sátu Gunnar Þorgeirsson, Engilbert Olgeirsson, Eydís Indriðadóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Una Jónsdóttir, Sunneva Sól Árnadóttir, Sýlvía Ólafsdóttir, Halldór Páll Halldórsson og Áslaug Harðardóttir. Gestir: Elísabet Björney Lárusdóttir (fór af fundi eftir 2. dagskrárlið) og Elín Jóna Traustadóttir.

Dagskrá:

1. Upphaf skólaársins, - nemendur og hvaðan þeir koma, starfsmannamál, annað
2. Grænt bókhald – Elísabet Björney Lárusdóttir umhverfisfræðingur
3. Ytra matið vorönn 2018 – niðurstaða - umbótaáætlun
4. Persónuverndarmál – staðan – Elín Jóna Traustadóttir verkefnastjóri
5. Önnur mál

Gunnar bauð fólk velkomið og setti fund. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Upphaf skólaársins

Áslaug áfangastjóri fór yfir glærur sem sýndu nemendafjölda eftir bekkjum, kynjaskiptingu og hvaðan nemendur koma. Hallór Páll fór yfir helstu breytingar í starfsmannamálum.

2. Grænt bókhald

Elísabet útskýrði grænu skrefin í ríkisrekstri. Skrefin eru fimm og lýkur ML fyrsta skrefinu í nóvember næstkomandi. Elísabet fór yfir stöðu græns bókhalds í ML. Skólinn stendur nokkuð vel en helst mætti skoða betur kostnað vegna rafmagns og úrgangs.

3. Ytra matið vorönn 2018

Halldór Páll fór yfir hvernig ytra matið var unnið og niðurstöður sem lentu í C-dálki matsins. Jafnframt tók skólameistari fyrir helstu tækifæri til umbóta. Umbótaáætlun á að skila til Menntamálastofnunar í byrjun nóvember. Loks ræddu fundarmenn vítt og breitt um ytra matið.

4. Persónuverndarmál

Elín Jóna greindi frá stöðu persónuverndarmála í ML. Skólinn hefur m.a. fengið ráðgjöf frá starfsmanni TRS á Selfossi. Búið er að taka saman verkferla í skólanum og leggja grunn að vinnslulista. Margir starfsmenn skólans komu að þessari samantekt. Framundan er áframhaldandi vinna við vinnslulistann. Von er á leiðbeiningum frá SMÍ fyrir framhaldsskóla. Engar leiðbeiningar hafa fengist frá Mennta- og menningarráðuneytinu. Skólameistari sagði frá umræðu innan SMÍ, vegna þessara mála. Kallað er eftir samræmingu og samvinnu meðal skólanna. Fundarmenn ræddu ýmsar hliðar persónuverndarmála og innleiðingu nýrra persónuverndarlaga.

5. Önnur mál

Gunnar spurði um samning milli ML og Bláskógabyggðar um afnot af íþróttaaðstöðu. Skólameistari sagði samningurinn var til reynslu, til tveggja ára.

Friðrik spurði hvernig hefðir og fleira hefði samlagst nýju þriggja ára kerfi. Sunneva sagði að síðast skólaár hefði veirð dálítið snúið með tveimur útskriftarárgöngum. En núna séu málin einfaldari.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:35.